

Skýrsla Tölvunefndar LH fyrir starfsárið 2021

Tölvunefnd hélt 4 fundi á starfsárinu, alla á Teams. Nefndin á mikið og gott samstarf við RML sem fyrr en því miður hefur enn fækkað fækkað forriturum þar svo nú er í aðalatriðum aðeins einn forritari að vinna við SportFeng. Við vonum og ætlumst til að úr því rætist.

Í árslok 2020 var gerður samningur við Norðmenn og Svía um notkun þeirra á SportFeng. Þessir samningar eru þríhliða, aðilarnir eru LH, RML og landssambands viðkomandi lands. Svíar og Norðmenn hafa notað kerfið umtalsvert það sem af er og mikil samskipti hafa átt sér stað á milli þessara landa varðandi hugbúnaðinn. Færeyingar bættust í hópinn snemma á yfirstandandi ári og nú eru Finnar að skoða það að taka upp SportFeng frá og með næsta keppnisári.

Frá og með yfirstandandi ári hefur innheimtan fyrir notkun SportFengs á námskeiðum breyst þannig að nú greiða námskeiðshaldarar fasta upphæð (400 kr) fyrir hverja skráningu í námskeið en enga prósentu. Upphæðin skiptist eins og önnur gjöld á milli RML og LH.

Eins og venjulega hafa fjölmargar lagfæringar og viðbætur verið gerðar á SportFeng á árinu, sumar smáar en aðrar stærri. Þær stærstu eru líklega þær að Gæðingatölmi var bætt inn í kerfið á liðnu vori og að nú er nýkomið alveg nýtt og endurhannað Skráningakerfi sem við vonum að muni reynast vel.

Í undirbúningi og vinnslu eru nokkrar mikilvægar lagfæringar á appinu LH Kappa og unnið er að því að færa eignarhaldið á appinu yfir til LH en það er í dag ennþá skráð hjá fyrirtæki sem smíðaði upphaflega útgáfu þess.

Eitt námskeið var haldið á síðasta vetri í Skagafirðinum, Sara Gísladóttir leiðbeindi þar. Búið var að skipuleggja annað námskeið í vor á Teams en af því varð svo ekki vegna af óvæntum ástæðum.

Breytingar hafa orðið á skipan í tölvunefnd. Hallveig Fróðadóttir lést eftir glímu við erfið veikindi og Sara Gísladóttir þurfti að hætta í nefndinni af persónulegum ástæðum. Nýr liðsmaður er hins vegar kominn inn í nefndina, Jón Geir Sigurbjörnsson og væntum við að sjálfsögðu góðs af honum eins og öðrum nefndarmönnum. Þetta úrvalsfólk skipar því nefndina núna: Björk Guðbjörnsdóttir, Jón Geir Sigurbjörnsson, Kristín Jónasdóttir, Oddur Hafsteinsson, Valdimar Snorrason og Þórður Ingólfsson sem er formaður.

Október 2021,
Þórður Ingólfsson